

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 24. júlí 1986****um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi uppsetningu, staðsetningu, gang og auðkenningu stjórnbúnaðar fyrir landbúnaðardráttarvélar á hjólum****(86/415/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Meðal tæknilegra krafna sem landbúnaðardráttarvélar á hjólum verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða uppsetningu, staðsetningu, vinnslu og auðkenningu stjórnbúnaðar.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var viðfangsefni tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals, geti átt við allar gerðir dráttarvéla.

Samhæfing þessara krafna stuðlar augljóslega að öryggi, og að því er varðar staðsetningu stjórnbúnaðar og tákna sem eru notuð um hann, og leysir vandamál í sambandi við merkingar á mismunandi tungumálum

Samræming landslaga varðandi landbúnaðardráttarvélar á hjólum felur í sér gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkj-

anna á því eftirliti sem hvert um sig framkvæmir á grundvelli sameiginlegra krafna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Með „landbúnaðardráttarvél“ er átt við vélknúð ökutæki á hjólum eða beltum, sem hefur að minnsta kosti tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttarafflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja ákveðnar vélar, verkfæri eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði. Það getur verið útbúið fyrir farm- eða fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða, að minnsta kosti tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 30 km/klst.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél, eða banna sölu hennar, að hún sé skráð, tekin í notkun eða notuð, af ástæðum sem tengjast uppsetningu, staðsetningu, vinnslu og auðkenningu stjórnbúnaðar ef þeim kröfum sem nefndar eru í I., II., III. og IV. viðauka er fullnægt.

3. gr.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að mæla fyrir um, innan ramma sáttmálans, þær kröfur sem þau álíta nauðsynlegar til að tryggja vernd starfsmanna við

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 172, 13. 7. 1981, bls. 108.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 189, 30. 7. 1981, bls. 15.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

notkun umræddra dráttarvéla, að því tilskildu að dráttarvélinum sé ekki breytt á neinn þann hátt sem ekki er getið um í þessari tilskipun.

4. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðaukanna að tækniþróunum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 1987. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

A. CLARK

forseti.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR, UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU, EBE-GERÐARVIÐURKENNING

1. SKILGREININGAR

1.1. **Dráttarvélargerð**

Með „dráttarvélargerð hvað snertir uppsetningu, staðsetningu, vinnslu og auðkenningu stjórnbúnaðar“ er átt við dráttarvélur sem eru ekki frábrugðnar hver annari í grundvallaratriðum hvað snertir innri útbúnað sem getur haft áhrif á staðsetningu og auðkenningu stjórnbúnaðar.

1.2. **Stjórnbúnaður**

Með „stjórnbúnaði“ er átt við hvern þann hluta sem gerir það að verkum að þegar honum er beitt er hægt að breyta stöðu og virkni dráttarvélarinnar eða þeim búnaði sem við hana er tengdur.

2. UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU

2.1. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu á dráttarvélargerð að því er varðar uppsetningu, staðsetningu, vinnslu og auðkenningu stjórnbúnaðar.

2.2. Umsókninni skulu fylgja þrjú eintök af lýsingu (ljósmyndir eða teikningar) á dráttarvélarhlutum sem kröfur þessarar tilskipunar taka til.

2.3. Dráttarvél sem er dæmigerð fyrir gerð þá er veita skal gerðarviðurkenningu eða sá hluti eða hlutar dráttarvélarinnar sem talið er að séu nauðsynlegir svo framkvæma megi þær athuganir sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari skulu afhentir tækniþjónustunni sem annast gerðarviðurkenningarprófun.

3. EBE-GERÐARVIÐURKENNING

Vottorð sem samrýmist fyrirmyndinni í V. viðauka skal festa við EBE-gerðarviðurkenningavottorðið.

II. VIÐAUKI

TÆKNILEGAR KRÖFUR

1. ALMENNAR KRÖFUR
 - 1.1. Auðvelt skal vera að komast að stjórnbúnaðinum og má hann ekki skapa hættu fyrir öikumann sem verður að geta beitt honum án erfiðleika eða áhættu. Hann skal hannaður, varinn eða honum komið fyrir á þann hátt að engar skiptingar geti orðið óviljandi og engin breyting eða önnur virkni, sem gæti reynst hættuleg, sett af stað í ógáti.
 - 1.2. Þegar stjórnbúnaður er auðkenndur með táknum verða táknið sem notuð eru að samrýmast þeim sem sýnd eru í III. viðauka.
 - 1.3. Önnur tákni en þau sem sýnd eru í III. viðauka má nota í öðrum tilgangi, að því tilskildu að ekki sé hætt á að þeim sé ruglað saman við táknið sem sýnd eru í þeim viðauka.
 - 1.4. Litið er svo á að merkin uppfylli kröfur um samræmi ef hlutföllin eru hin sömu og sýnd eru í IV. viðauka.
 - 1.5. Merkin verða að vera á eða mjög nálægt stjórnbúnaðinum.
 - 1.6. Merkin verða að skera sig frá bakgrunninum.
 - 1.7. Stjórnbúnaður verður að fullnægja öllum þeim sérkröfum, sem við eiga og fram koma í lið 2, hvað varðar uppsetningu, staðsetningu, vinnslu og auðkenningu stjórnbúnaðar. Aðrar ráðstafanir eru leyfilegar færi framleiðandi sönnur á að áhrif þeirra séu að minnsta kosti jafngild kröfunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun.
2. SÉRKRÖFUR
 - 2.1. **Stjórnbúnaður fyrir ræsi**

Ekki skal vera hægt að ræsa hreyfilinn ef hættu er á að það geti valdið því að dráttarvélin hreyfist stjórnlaust. Álitid er að þessari kröfu sé fullnægt ef ekki er hægt að ræsa hreyfilinn nema:

 - gírstöngin sé í hlutlausri stöðu eða í hlutlausum gír, eða
 - hraðasviðsstöng í gírkassa sé í hlutlausri stöðu eða í hlutlausum gír, eða
 - tengslisbúnaðurinn sé óvirkur, eða
 - vökvastöðubúnaður sé í hlutlausri stöðu eða án þrýstings, eða
 - um sé að ræða vökvaskiptingu og skiptibúnaðurinn fari sjálfkrafa til baka í hlutlausu stöðu.
 - 2.2. **Stjórnbúnaður til að stöðva hreyfil**

Með því að beita þessum búnaði skal hreyfillinn stöðvast án handafls; hann má ekki fara sjálfkrafa í gang á ný.

Ef stjórnbúnaður til að stöðva hreyfil er ekki samtengdur stjórnbúnaði til að ræsa hann verður hann að vera í lit sem sker sig greinilega frá bakgrunninum og öðrum stjórnstækjum. Ef stjórnbúnaður til að stöðva hreyfil er hnappur verður hann að vera rauður að lit.
 - 2.3. **Stjórnbúnaður fyrir lás á mismunadrifi**

Auðkenning stjórnbúnaðar, ef hann er til staðar, er lögboðin. Greinilega skal sjást hvort mismunadrifið er læst ef það er ekki augljóst af stöðu stjórnbúnaðarins.
 - 2.4. **Stjórnbúnaður þriggja punkta lyftibúnaðar**
 - 2.4.1. Stjórnbúnaði þriggja punkta lyftibúnaðar skal komið fyrir á þann hátt að hægt sé að lyfta og lækka af öryggi og/eða að sjálfvirkum tengihlutum er komið fyrir á festibúnaði lyftibúnaðarins þannig að ekki er

nauðsynlegt að stjórnandinn sé tengiliður milli dráttarvélar og búnaðar. Ef slíkum búnaði er komið fyrir skal það auðkennt.

- 2.4.2. Talið er að kröfum um öryggi við að lyfta viðfestum tækjum eða lækka þau sé fullnægt ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- 2.4.2.1. *Aðalstjórnþúnaður*
Aðalstjórnþúnaði og tengiþúnaði við hann er komið þannig fyrir eða hann varinn þannig að stjórnandi nái ekki til hans þegar hann stendur á jörðinni á milli dráttarvélarinnar og viðfesta áhaldsins, eða stjórnþúnaði skal komið fyrir að utanverðu.
- 2.4.2.2. *Ytri stjórnþúnaður*
- 2.4.2.2.1. Stjórnþúnaðinum skal komið þannig fyrir að stjórnandi geti beitt honum frá stað þar sem hann er ekki í hættu, t.d. þar sem þriggja punkta vökvalyftustjórnþúnaður eða viðbótarstjórnþúnaður fyrir lyftubúnaðinn er staðsettur utan við lóðréttu plönin sem miðast við innri vegg hjólhliða,
og
- 2.4.2.2.2. Þriggja punkta vökvalyftubúnaðinum er beitt með stjórnþúnaði sem takmarkar hreyfingu við 100 mm hámark í hvert skipti sem honum er beitt. Mælipunktarnir eru í þessu tilviki tengipunktarnir á lægri örmum þriggja punkta tengingarinnar,
eða
- 2.4.2.2.3. Þriggja punkta vökvalyftubúnaðinum er beitt með stjórnþúnaði sem virkar á útsláttarrofa.
- 2.4.2.3. *Dráttarvélar með lítilli sporvídd*
Þegar um er að ræða dráttarvélar með einum drífás sem hefur fasta eða stillanlega lágmarksbeltabreidd sem fer ekki yfir 1 150 mm skal aðalstjórnþúnaður vera staðsettur fyrir framan lóðréttu planið sem liggur í gegnum viðmiðunarpunkt sætis, þar sem sætið er í miðstillingu.
- 2.4.2.4. Aðrar ráðstafanir eru leyfilegar færi framleiðandi sönnur á að áhrif þeirra séu að minnsta kosti jafngild kröfunum sem settar eru í liðum 2.4.2.1., 2.4.2.2. og 2.4.2.3.

III. VIÐAUKI

TÁKN

1. Stjórnbúnaður fyrir ræsi

2. Stjórnbúnaður fyrir snúningshraða hreyfils

Merking: samfelld hverfibreyting

stöðug línuleg breyting

3. Stjórnbúnaður til að stöðva hreyfil

(Hreyfill með neistakveikju og þrýstikveikju)

4. Stjórnbúnaður fyrir stöðuhemil

5. Stjórnbúnaður fyrir lás á mismunadrifi

6. Stjórnbúnaður fyrir aflúttakstengsl

Merking: „á“

„af“

7. Gangsetningarbúnaður aflúttaks og/eða val á snúningshraða

Merking: búnaður ótengdur og óvirkur

Merking: búnaður virkur en ótengdur

búnaður tengdur og virkur

ATH: Þessi tákn eiga við gangsetningarbúnað og val á snúningshraða á tveggja hraða aflúttaki. Tákn 1 sýnir valið í hlutlausum og óvirkt. Tákn 2 sýnir aflúttak stillt á 1 000 snúninga á mínútu, en ótengt, og tákn 3 sýnir það tengt og virkt með snúningshraðann 1 000 snúninga á mínútu.

8. Stjórnbúnaður lyftibúnaðar

Merking: lyftibúnaður uppi

lyftibúnaður niðri

9. Rofi fyrir fjarstýringu viðfesta tækja

Merking: „á“

„á“

10. Stjórnbúnaður fyrir lágljós

11. Stjórnbúnaður fyrir stefnuljós

12. Stjórnbúnaður fyrir viðvörunarmerki

13. Aðalljósarofi

14. Stjórnbúnaður fyrir aukaljós að framan

15. Stjórnbúnaður fyrir háljós

16. Stjórnbúnaður fyrir þokuljós að framan

17. Stjórnbúnaður fyrir þokuljós að aftan

18. Stjórnbúnaður fyrir stöðuljós

19. Stjórnbúnaður fyrir vinnuljós

20. Stjórnbúnaður fyrir rúðurrkur

21. Stjórnbúnaður fyrir hljóðmerki

—

IV. VIÐAUKI

GRUNNMÓTUN FYRIRMYNDA AÐ MERKJUNUM Í III. VIÐAUKA

Mynd 1

Fyrirmynd

Fyrirmyndin samanstendur af:

1. grunnferningi með 50 x 50 mm hliðar, þar sem stærðin (a) er jöfn nafnstærð (a) frumgerðar;
2. grunnhring sem er 56 mm í þvermál með nokkurn veginn sama yfirborðsflöt og grunnferningurinn (1);
3. öðrum hring sem er 50 mm í þvermál, innfelldan í grunnferninginn (1);
4. öðrum hring þar sem réttu (níutíu gráða) hornin eru staðsett á grunnhring (2) og hliðarnar samsíða hliðum grunnferningsins (1);
5. og 6. tveimur rétthyrningum sem hafa sama yfirborðsflöt og grunnferningur (1); hliðar rétthyrninganna eru hornréttar og hvor um sig er þannig myndaður að hann sker gagnstæðar hliðar grunnfernings í samhverfum punktum;
7. þriðja ferningnum þar sem hliðarnar liggja í gegnum skurðpunkta grunnfernings (1) og grunnhrings (2) og mynda 45° horn, og mynda því stærstu láréttu og lóðréttu stærðir grunnfyrirmyndarinnar;
8. óreglulegum átthyrningi mótuðum af línum sem mynda 30° horn við hliðar ferningsins (7).

Grunnfyrirmyndin er staðsett á fleti með 12,5 mm reitum sem falla saman við grunnferninginn (1).

V. VIÐAUKI

FYRIRMYND

Hámarksstærð: DIN A4 (210 x 297 mm)

Heiti yfirvalds

VIÐAUKI VIÐ EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR GERÐ DRÁTTARVÉLAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR UPPSETNINGU, STAÐSETNINGU, VINNSLU OG AUÐKENNINGU STJÓRNÞÚNAÐAR

(2. mgr. 4. gr. og 10. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum)

- EBE-gerðarviðurkenningarnúmer
1. Viðskiptaheiti eða merki dráttarvélar
 2. Gerð dráttarvélar
 3. Nafn og heimilisfang framleiðanda
 4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á)
 5. Stutt lýsing á gerð dráttarvélar varðandi uppsetningu, staðsetningu, vinnslu og auðkenningu stjórnþúnaðar
 6. Dráttarvél afhent til gerðarviðurkenningar þann
 7. Tækniþjónustan sem sér um gerðarprófun
 8. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gaf út
 9. Númer skýrslu sem þjónustan gaf út
 10. Gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um gerðarviðurkenningu að því er snertir uppsetningu, staðsetningu, vinnslu og auðkenningu stjórnþúnaðar⁽¹⁾
 11. Staður
 12. Dagsetning
 13. Undirskrift
 14. Eftirfarandi teikningar merktar ofangreindu gerðarviðurkenningarnúmeri fylgja skjali þessu:
 Teikningar af þeim stjórnþúnaði og íhlutum dráttarvélar sem teljast skipta máli að því er varðar tilskipun ráðsins 86/415/EBE frá 24. júlí 1986 varðandi uppsetningu, staðsetningu, vinnslu og auðkenningu stjórnþúnaðar fyrir landbúnaðardráttarvélar á hjólum.
 Þessar teikningar skulu afhentar lögþærum yfirvöldum annarra aðildarríkja ef þau krefjast þess sérstaklega.
 15. Athugasemdir

(1) Strikið yfir það sem á ekki við